

Fundur í Gamma deild 10. nóvember 2008

Staður: Húsnæði Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9, Reykjavík
Efni: Flóttamenn og hælisleitendur

Fundarmenn: Árný Elíasdóttir, , Björg Eiríksdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Elín Ólafsdóttir, Eygló Eyjólfsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarisdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarisdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Margrét Jónsdóttir, Pálina Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir eldri, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir

Í upphafi fundar sagði Ingibjörg Jónasdóttir frá vinnu við heimasíðu samtakanna og auglýsti eftir mynd sem mætti hafa efst á síðu Gammadeildarinnar. Reglur Alþjóðasambandsins kveða á um að ekki megi birta myndir á neti án samþykkis viðkomandi. Félagskonur voru beðnar að skrifa undir samþykki og voru eyðublöð látin ganga.

Þá var komið að aðalefni fundarins sem var flóttamenn og hælisleitendur. Helga G. Halldórsdóttir fjallaði um flóttamannaverkefni Sameinuðu þjóðanna og flóttamenn og hælisleitendur á Íslandi.

Hælisleitendur eru fólk sem hingað kemur á eigin vegum og leitar hælis. Frá árinu 1990 hafa 655 einstaklingar sótt um hæli á Íslandi. Flestum er vísað frá og oft tekur langan tíma (frá nokkrum dögum upp í 4 ár) að taka ákvörðun því mikið regluverk er í kringum þetta. Í tveimur tilvikum hafa menn fengið stöðu flóttamanns og í heildina hafa 60 fengið hæli af mannúðarástæðum. Reynt er að gera vist þessa fólks hér á landi sem bærilegasta, þó að margt megi betur fara. Þeir eru heimsóttir af sjálfboðaliðum, boðið upp á námskeið og fleira. Umönnunarþátturinn er á höndum Reykjanesbæjar, þ.e. húskaskjól, nauðurfur og vasapeningur.

Flóttamenn eru allt annar hópur. Skilgreining á flóttamanni er sú að hann hafi farið yfir eigin landamæri og hafi ástæðuríkan ótta við að verða ofsóttur (vegna þjóðernis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynþáttar eða aðildar að sérstökum félagsmálaflokkum) og jafnframt að þeir eigi ekki kost á vernd innan eigin landamæra.

Varanlegar lausnir á vandamálum flóttamanna eru þrjár: Að þeir snúi til baka til upprunalands þegar að það er óhætt. Að þeir aðlagist og festi rætur í hælislandi. Að flytjast til búsetu í svokallað þriðja landi (e. resettlement) með aðstoð SP.

Flóttamannastofnun SP er ábyrg fyrir málefnum flóttamanna og árlega fá í kringum 50-60 þúsund flóttamenn hæli í gegnum verkefnið. Ísland hefur boðist til að taka á móti 25-30 flóttamönnum á ári. Á undanförmum árum hafa flóttamannahópar komið frá Austur Evrópu og Kólumbíu.

Rauði kross Íslands heldur utan um flóttamenn og hefur sú leið sem þau hafa farið vakið athygli fyrir nána samvinnu ríkis, sveitarfélaga og Rauða krossins. Rannsókn frá 2005 sýndi að flóttafólki hefur almennt farnast mjög vel: Mikill meirihluti er í launuðu starfi og mikill meirihluti treystir Íslendingum fullkomlega eða mjög vel. Mikilvægustu þættir í lífi þeirra eru fjölskyldan og vinnan og meirihluti telur heilsufar sitt gott eða frekar gott. Flestir lýstu yfir miklu þakklæti fyrir þá vernd sem Ísland veitti þeim.

Nú í ár komu átta palestínskar fjölskyldur sem höfðu stöðu flóttamanna í Írak hingað til lands sem flóttamenn. Þetta eru einstæðar mæður og börn þeirra, yfirleitt ekkjur. Þær höfðu verið í flóttamannabúðum í mismunandi langan tíma, sumar frá desember 2006. Þær eru afkomendur Palestínnumanna sem flýðu átökin 1948 við stofnun Ísraelsríkis og hafa búið alla tíð í Írak. Þær sættu ofsóknum í Írak og eiga ekki afturkvæmt til Palestínu né annarra ríkja.

Anna Lára Steindal frá Akranesdeild Rauðakrossins sagði frá því hvernig tekið var á móti þeim hópi.

Áður en hópurinn kom til landsins fóru fram kynningar og myndaðar þrjár stuðningsfjölskyldur fyrir hverja fjölskyldu sem kom. Þetta var gert til að

- koma í veg fyrir félagslega einangrun og stuðla að aðlögun.
- skapa öryggiskennd og láta fólk finna að það er velkomið

- stuðla að gagnkvæmri aðlögun
- búa samfélagið undir komu flóttamanna.

Fjölskyldurnar hittast einu sinni í mánuði, 1.5 tíma í senn með túlki. Auk þess eru vikulegir fundir stuðningsaðila og verkefnisstjóra Rauða krossins og sérstakir tengiliðir eru við skóla/leikskóla, félagsráðgjafa, tómstundir o.fl. Það sem er gert er m.a.

- Heimsóknir á báða bóga.
- Leiðbeina inn í tómstundir.
- Hjálpa til við að fara í búð (hvar ódýrast er að versla)
- Bjóða í mat.
- Kenna að nota Skype og önnur forrit til að hringja ódýrt til útlanda.
- Bjóða í afmæli og halda upp á afmæli.
- Dagsferðir út úr bænum.
- Heimsóknir á söfn.
- Sundferðir.
- Kennsla í arabískum dönsum.

Í desember hefst verkefni sem kallast *Skapandi starf* þar sem palestínsku konurnar - auk fjögurra annarra kvenna af íslenskum og erlendum uppruna - koma saman og vinna skapandi verkefni undir leiðsögn Önnu Guðrúnar Júlíusdóttur. Markmiðið með því verkefni er að:

- Að nota skapandi vinnu til þess að laða fram jákvæða þætti sem konurnar taka með sér úr sinni menningu.
- Að virkja þátttakendur á þeirra eigin forsendum og styrkja sjálfsmynd þeirra
- Að styrkja tengslanet kvennanna og félagslega stöðu.
- Að gera konurnar stoltar af bakgrunni sínum og láta þær finna að þær hafa eitthvað mikilvægt fram að færa í nýja samfélaginu.
- Að konurnar læri hver af annarri.
- Að kynna þeim íslenskt handverk, listir og menningu með skoðunarferðum, heimsóknum og kynningum.

Það er greinilegt af þessum frásögnum að hvernig tekið var á móti þessum flóttamönnum er til fyrirmyndar og sögðu þær Helga og Anna Lára að þetta módel gæti verið fyrirmynd við móttöku annarra innflytjenda.

Eftir þessa fróðlegu kynningar þáðum við veitingar í boði Rauða krossins. Undir borðum flutti Jyna Marithza frá Kólombíu okkur orð til umhugsunar. Hún er búin að vera 3 ár á Íslandi og er nú nemandi við Sjúkraliðabraut Fjölbrotarskólans við Ármúla. Hún virðist sátt við lífið hér og sagði að sér liði vel en erfiðast hefði verið að læra íslenskuna.

Helga sagði okkur frá tveimur öðrum áhugaverðum verkefnum í þágu innflytjenda hjá Rauða krossinum sem eru staðsett í Garðabæjardeild. Annars vegar *Félagsvinir – Mentor er málið*, sem felur í sér að byggja upp stuðningsnet fyrir konur af erlendum uppruna í íslensku samfélagi og hins vegar *Félagsleiðbeinendur* sem er eins konar ömmu/afa eða frænku /frænda verkefni með ungum innflytjendum.

Ingibjörg Einarsdóttir bauð til fagnaðar í Hafnarfirði á degi íslenskrar tungu.

Guðný minnti á Landsambandsþingið á Hallormsstað 16. maí.

Fundi var slitið kl. 22:15

Fundargerð ritaði Jóhanna Einarsdóttir